

**Margrét Theódóra Hjaltsted** víóluleikari stundaði nám hjá Helgu Þórarinsdóttur við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan burtfarar- og fíðlukennaraprófi árið 1989. Hún stundaði framhaldsnám í New York, þar sem hún lauk BM-gráðu frá Juilliard skólanum og meistaragráðu frá The Mannes College of Music árið 1994. Aðalkennarar hennar voru Karen Tuttle og Karen Ritscher. Margrét hefur tekið þátt í ýmsum tónlistarhátíðum víðsvegar um Bandaríkin. Hún býr og starfar í New York þar sem hún kennir og leikur með ýmsum hljómsveitum og kammerhópum, þar á meðal The Opera Orchestra of New York, Long Island Philharmonic og Brooklyn Philharmonic.

Bandaríski píanóleikarinn **Eduard Laurel** stundaði nám við University of Texas og við Manhattan School of Music í New York. Hann hefur komið víða fram á einleiks- og kammertónleikum, meðal annars í Weill hljómléikasalnum í Carnegie Hall. Laurel starfar við Mannes College of Music og Manhattan School of Music og er þar að auki eftirsóttur undirleikari.

**Ingveldur Ýr Jónsdóttir** hóf söngnám hjá Guðmundu Elíasdóttur í Söngskólanum í Reykjavík. Hún hélt til Vínar í söngnám hjá Svanhvíti Egilsdóttur og tók lokapróf frá Tónlistarskólanum í Vínarborg. Síðar nam hún hjá Cynthiu Hoffman við Manhattan School of Music í New York og þaðan lauk hún meistaragráðu árið 1991. Ingveldur Ýr hefur haldið tónleika hér á landi og víða erlendis og tekið þátt í óperuuppfærslum, þar á meðal í *Eugeni Onegin* í Íslensku Óperunni, *Niflungahringnum* á Listahátíð í Reykjavík 1994 og í *Á valdi örlaganna* í Þjóðleikhúsinu síðastliðinn vetur. Ingveldur Ýr er fastráðin við Óperuna í Lyon í Frakklandi næsta vetur.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikunum loknum

# Tónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Margrét Hjaltsted

víóla

Eduard Laurel

píanó

Ingveldur Ýr Jónsdóttir

mezzósópran

Þriðjudaginn 11. júlí 1995 kl. 20:30

### Sónata nr. 1 í G-dúr, BWV 1027

Á árunum 1717 - 1723 starfaði Bach við hirð Leopolds prins af Anhalt-Köthen. Prinsinn var mikill áhugamaður um tónlist og slyngur gömbuleikari. Á þessum árum samdi Bach fjölda veraldlegra verka þar á meðal sönötur og partítur fyrir einleiksfíðlu, svítur fyrir einleiksselló, Brandenburgarkonsertana og sönöturnar þrjár, BWV 1027 - 1029, fyrir gömbu og bassa-continue.

Fyrsta sónatán í G-dúr, BWV 1027 var upprunalega samin sem tríósónata fyrir tvær flautur og bassa-continue. Nú til dags eru gömbusönötur Bachs einnig fluttar bæði á víólu og selló. Sónata nr. 1 er í hefðbundnu fjögurra þátta formi. Sá fyrsti er hægur og ljóðrænn inngangspáttur sem leiðir inn í fjörugan annan þáttinn. Þriðji þáttur er hæg og falleg aría, og lokapátturinn er lífleg þriggja radda fúga.

### Lachrymae op. 48

Lachrymae ber undirtítilinn *Hugleiðing um söng eftir John Dowland*. Verkið var samið árið 1950 og frumflutt á Aldeburgh tónlistarháttíðinni af breska víóluleikaranum William Primrose.

Verkið byggir á söng Dowlands *If my complaints could passions move*, úr safni verka, (First book of Songs and Airs) sem gefið var út 1597. Lachrymae samanstendur af tíu stuttum þáttum. Í síðasta þættinum heyrum við upprunalegan söng Dowlands.

### Tveir söngvar fyrir mezzósópran, víólu og píanó op. 91

Söngvarnir tveir voru samdir árið 1884 í tilefni af fæðingu fyrsta barns Josephs Joachims, fiðluleikarans fræga, og einginkonu hans Amalie, sem var söngkona. Textinn við fyrri sönginn *Hljóðnuð þrá* (Gestillte Sehnsucht) er eftir Friedrich Ruckert, en textinn við þann síðari *Helgiljóð við vöggju* (Geistliches Wiegenlied) er úr bók Beibels og Heyses *Spanishes Liederbuch* og er upprunalega þýðing á spænsku ljóði eftir Lope de Vega. Brahms byggir sönginn á gömlu þýsku vöggulagi *Joseph lieber, Joseph mein*, sem einnig er þekkt sem jólalagið *Resonet in Laudibus*.

### Sónata fyrir víólu og píanó op. 25 nr. 4

Þýska tónskáldið og víóluleikarinn Paul Hindemith var eitt áhrifamesta tónskáld sinnar samtíðar. Hann samdi sjö sönötur fyrir víólu, fjórar einleikssönötur og þrjár fyrir víólu og píanó. Sónatan op. 25 nr. 4 var samin árið 1922. Hún er í hefðbundnu sönötuformi og skiptist í þrjá andstæða kafla. Fyrsti kaflinn er kröftugur og teflir saman þrí- og fjórskiptum takti. Millikaflinn er ljóðrænn, þrunginn trega og er andstæða hinna kaflanna. Lokapátturinn er tilþrífamikill og fullur af óbeislaðri orku.

### Efnisskrá

|  |   |
|--|---|
| Johann Sebastian Bach<br>(1685 - 1750) | Sónata nr. 1 í G-dúr, BWV 1027<br>Adagio<br>Allegro ma non tanto<br>Andante<br>Allegro moderato   |
| Benjamin Britten<br>(1913 - 1976)      | Lachrymae op. 48<br>Lento<br>Allegretto, andante molto<br>Tranquillo<br>Allegro con moto<br>Largamento<br>Appassionato<br>Alla Valse moderato<br>Allegro marcia<br>Lento<br>L'istesso tempo |
| Johannes Brahms<br>(1835 - 1897)       | Tveir söngvar fyrir mezzósópran, víólu<br>og píanó op. 91<br>Gestillte Sehnsucht<br>Geistliches Wiegenlied  |
| Paul Hindemith<br>(1895 - 1963)        | Sónata fyrir víólu og píanó op. 25 nr. 4<br>Sehr lebhaft. Markiert und kraftvoll<br>Sehr langsame Viertel<br>Finale. Lebhaftes Viertel  |

## Hljóðnuð þrá

Hve hátíðlegur skógurinn er,  
baðaður gullnu kvöldskini!  
Við lágværan klið smáfuglanna  
andar hægur aftanblærinn.  
Hverju hvíslar blærinn að fuglunum?  
Hann hvíslar veröldina í svefn.

Óskir þínar, sem stöðugt hrærast  
þér í hjarta, friðlaust utan hvíldar!  
Þú þrá, sem í brjóstinu bærast,  
hvenær verður þér rótt, hvenær festirðu svefn?  
Í hvíslandi blænum, smáfuglar,  
þið löngunarfullu óskir, hvenær  
fellur ykkur blundur á brá?

Ó, þegar sál mín hættir að æða  
á draumavængjum í gullinn fjarskann,  
augu mín mæna ekki lengur full af þrá  
til stjörnu í eilífðarfjarlægð,  
þá hvíslar mér vindurinn, fuglarnir smáu,  
líf mitt og þrár í svefn.

## Helgiljóð við vöggju

Jósef, elsku Jósef minn,  
hjálpa mér vagga blítt mínu barni.  
Guð mun þér launa  
í ríki sínu á himnum, meyjarnurinn,  
María, María.

Þið sem svífið yfir þessi pálmatré  
um nótt og vind,  
þið helgu englar, kyrríð trjátoppa!  
Barnið mitt sefur.

Þið Betlehemspálmar  
í kveinandi vindinum,  
hvernig fáid þið hvinið svo reiðilega í dag.  
Ó, þrumið ekki þannig! Hljóð, hneigið  
ykkur hægt og gætilega,  
kyrríð trjátoppa, kyrríð trjátoppa!  
Barnið mitt sefur.

Himnasonurinn líður þrautir,  
ó, hve hann mæða  
meinsemdir jarðarinnar.

Ó, sofnaður nú, í værum sefa  
kvöl hans líður hjá.

Kyrríð trjátoppa, kyrríð trjátoppa,  
Barnið mitt sefur.

Nístandi gustur hríslast ofan,  
með hverju fæ ég skýlt limum barns míns.

Ó, þið englar allir, sem á vængjum  
svífið vindinn,  
kyrríð trjátoppa, kyrríð trjátoppa,  
barnið mitt sefur.